

Árnastofnun

Ársskýrsla 2025

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla Íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur
opnaðar á árinu

Viðburðir í tengslum við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur



Aðfaraorð forstöðumanns

Ársskýrsla fyrir árið 2025 sýnir hve starfsemi Árnastofnunar er öflug og fjölbreytt. Miðlunar- og nýsköpunarstarfið hvílir á traustum og framsæknum rannsóknum og spanna viðfangs-efnin langt tímabil og vítt svið íslenskra fræða. Sviðsstjórar fagsviða draga í skýrslunni fram helstu áfanga ársins en einnig er kastljósinu beint að einstökum verkefnum.

Dagatalið sýnir glöggt þá áherslu sem lögð er á Árnastofnun á virka og trausta miðlun gagna, gagnagrunna og rannsókna. Edda hefur gerbreytt möguleikum stofnunarinnar til að miðla efni, bæði söfnum sínum og rannsóknum. Heimsóknir á vefi stofnunarinnar og þjónustukannanir sýna svo að ekki verður um villst að almenningur kann vel að meta skýra og áreiðanlega miðlun og þjónustu. Viðbrögð notenda eru besta hvatningin til að gera enn betur.

Árið 2025 markaði tímamót en handritasafn Árnastofnunar var flutt í nýju hvelfingu í Eddu í janúar. Þar með lauk sögu handrita í Árnagarði en byggingin var reist í tilefni af heimkomu þeirra frá Danmörku árið 1971. Af því tilefni skipu- lögðu Marteinn Sindri Jónsson og Unnar Arnar Auðarson skemmtilega sýningu listamanna, fræðimanna, hönnuða og arkitekta í húsnæði Árnagarðs sem þeir kölluðu Innviði.

Edda er stórkostleg umgjörð um starf Árnastofnunar. Við flutning í Eddu sameinuðust ólík svið hennar loksins á sama stað. Stofnunin þjónar íslenskum almenningi og fræðimönnum en Edda er einnig alþjóðleg miðstöð íslenskra fræða þar sem Árnastofnun og greinar Háskólans í íslenskri tungu, íslenskum



bókmenntum og íslensku sem öðru máli eru í frjóu samtali á hverjum degi. Á hverju ári koma fjölmargir erlendir fræðimenn og nemendur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar til að stunda rannsóknir og nám í Eddu. Margir þeirra nýta sér einnig alþjóðlegt rannsóknarboðkasafn Árnastofnunar.

Sýningin Heimur í orðum í Eddu hefur vakið mikla athygli. Íslensk handrit eru varðveitt víða um heim. Fjölmörg merk handrit, meðal annars frá Danmörku, Bretlandi og Hollandi, voru í fyrra fengin að láni á sýninguna. Saga hvers og eins þeirra er áhugaverð og er þeim lýst sérstaklega í ársskýrslunni. Auk þess var sagt frá mörgum þeirra á viðburðum í tengslum við sýninguna sem voru mjög vel sóttir. Safnfræðsla blómstraði einnig og þúsundir nemenda lögðu leið sína í Eddu á árinu.

Mikið starf er á sviði máltækni og gervigreindar fer fram á Árnastofnun. Stofnunin rekur mikilvæga máltækniinnviði í gegnum þjónustumiðstöð hins mikilvæga evrópska rannsóknarinnviðarins CLARIN. Þjónusta CLARIN hefur nú verið

gerð mun aðgengilegri en áður á nýjum vef, Málbankanum, sem var opnaður í september. CLARIN-miðstöðin tryggir faglegar tengingar við evrópskar lykilstofnanir á sviði máltækni og gervigreindar sem Árnastofnun miðlar áfram til samfélagsins.

Útgáfa tvímála orðabóka Árnastofnunar hefur verið mikið ævintýri allt frá því að margmála orðabókin ISLEX kom út árið 2011. Síðar bættist Nútímamálsorðabókin í hópinn. Tvímála veforðabækur fylltu tuginn á árinu þegar hvorki meira né minna en tvær nýjar voru opnaðar, Íslensk-pólsk orðabók og Íslensk-ensk orðabók. Þær eru einkar kærkomin viðbót við orðabækur sem fyrir voru og bæta úr brýnni þörf.

Haustið 2026 fagnar stofnunin 20 ára afmæli sínu og má segja að nú sé hún orðin fullvaxta. Hún er flutt út af gömlu heimilunum og í sínar eigin vistarverur, reiðubúin að takast á við nýja tíma.

Guðrún Nordal

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025


Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Skipurit Árnastofnunar

Núverandi skipurit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók gildi árið 2023.



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskóla-stofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða hún á.

Í stjórn stofnunarinnar eru Illugi Gunnarsson formaður, Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Guðrún Dröfn Whitehead og Torfi Tulinius.

Forstöðumaður er Guðrún Nordal.

Fjögur svið

Rekstrar- og þjónustusvið, sviðsstjóri er Guðný Rósa Þorvarðardóttir.

Íslenskusvið, sviðsstjóri er Helga Hilmisdóttir rannsóknarprófessor.

Menningarsvið, sviðsstjóri til 31. ágúst var Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknarprófessor og frá 1. september Haukur Þorgeirsson rannsóknarprófessor.

Miðlunarsvið, sviðsstjóri er Ingibjörg Þórisdóttir.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur



Skýrsla Íslenskusviðs 2025

Á íslenskusviði Árnastofnunar starfar fjölbreyttur hópur fólks sem sinnir ýmsum verkefnum sem snúa að orðabókagerð og miðlun orðfræðilegs efnis, máltækni, málfarsráðgjöf og íslenskukennslu erlendis. Árið 2025 störfuðu á sviðinu rúmlega tuttugu manns, þar af sex akademískir starfsmenn og tveir aðjunktur með rannsóknarskyldu, þrír verkefnisstjórar CLARIN og þrettán starfsmenn í hlutastarfi í máltækni.

Eins og tölur sýna var á síðastliðnu ári mikil áhersla lögð á máltækni. Þar ber hæst hlut íslenskusviðs í máltækniáætlun stjórnvalda. Í september var Íslenski málbankinn, sem er nýtt heiti á þjónustumiðstöð CLARIN á Íslandi, opnaður við hátíðlega athöfn í Eddu. Í kjölfarið tók Steinþór Steingrímsson við af Starkaði Barkarsyni sem landsfulltrúi CLARIN. Í október stóð íslenskusvið svo fyrir alþjóðlegu málþingi um gagnaverkefni Evrópusambandsins, Language Data Space, sem snýr að hagnýtingu málagna á almennum markaði. Málþingið var skipulagt í samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og sóttu um sextíu manns viðburðinn.

Viðburðir tengdir iðorðastarfi voru einnig áberandi á árinu. Í júní hélt íslenskusvið norræna ráðstefnu iðorðafraeðinga, Nordterm. Um 100 gestir hlýddu á fyrirlestra þýðenda og fræðimanna frá öllum Norðurlöndum. Þema ráðstefnunnar var *fælles termer* eða sameiginleg hugtök, og var hugmyndin að draga fram líkindi á milli tungumála og samstarf yfir landamæri. Í lok árs hófst svo samstarfsverkefni Árnastofnunar og Háskóla Íslands þar sem ætlunin er að vekja athygli fræðimanna á mikilvægi iðorðastarfs. Afrakstur þeirrar vinnu er þegar farinn að koma í ljós.



Málfarsráðgjafar og aðrir sérfræðingar á íslenskusviði tóku við fjölmörgum fyrirspurnum um málfar og orðanotkun. Í maí var haldinn fundur málfarsráðgjafa á Norðurlöndum. Norræni hópurinn skipulagði einnig opna málstofu á ráðstefnu norrænna orðabókafræðinga sem fjallaði um kynhlutlaust mál á Norðurlöndum. Afrakstur þeirrar málstofu birtist í tímaritinu *Sprog i Norden* sem kemur út vorið 2026.

Undanfarin ár hefur Árnastofnun gefið út fjölmargar orðabækur á vefnum. Árið 2025 voru tvær nýjar tvímála orðabækur opnaðar. Í mars var Íslensk-pólsk orðabók sett í loftið og í október var röðin komin að Íslensk-enskri orðabók. Báðar orðabækurnar hafa verið aðgengilegar í gegnum vefgáttina *m.is* en hafa nú einnig fengið eigin vefsíður.

Mikil umræða var í íslensku þjóðfélagi um kennslu íslensku sem annars máls. Árnastofnun tók þátt í að skipuleggja ráðstefnuna Samfélagið er lykill að íslensku sem haldin var í Háskólanum á Akureyri í september og voru starfsmenn

sviðsins þar með erindi. Í júní var árlegur fundur íslenskukennara við háskóla erlendis haldinn í Eddu þar sem meðal annars var boðið upp á fyrirlestra um kennslu og íslensk fræði. Eins og venja er var á árinu boðið upp á tvö sumarnámskeið í íslenskri tungu og menningu.

Rannsóknarstarf sviðsins er öflugt eins og sjá má á birtingum ársins. Í haust kom út 27. hefti tímaritsins *Orð og tunga* í prentaðri útgáfu og í opnum aðgangi á vefnum. Starfsmenn tóku þátt í alþjóðlegum verkefnum þar sem fjallað var til dæmis um nýyrði, tökuorð og áhrif ensku á íslenskt talmál. Í maí tók stór hópur starfsmanna þátt í ráðstefnu norrænna orðabókafræðinga í Danmörku og voru flutt þar fjölmörg erindi, m.a. um talmál í orðabókum, viðkvæman orðaforða og samband vísandi og lýsandi hlutverks orðabóka. Auk þessa sóttu fræðimenn fjölmargar aðrar ráðstefnur innanlands sem utan og skipulagðir voru gestafyrirlestrar í sambandi við heim-sóknir sendiráðherra frá Indlandi, Kanada og Kína.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Skýrsla menningarsviðs 2025

Menningarsvið varðveitir og veitir aðgang að þremur söfnum, þ.e. handritasafni, segulbandasafni og örnefnasafni. Á árinu lauk flutningi alls safnkostsins í Eddu. Síðustu handritin komu í lögreglufylgd í húsið 15. janúar 2025 og hvíla nú í stærri og fullkomnari geymslu en áður var.

Á sviðinu eru tíu fastir starfsmenn í rannsóknarstöðum og þar að auki ljósmyndari, forvörður og safnvörður. Margir til viðbótar störfuðu innan vébanda sviðsins í tímabundnum verkefnum á árinu svo sem doktorsnemar, nýdóttar og starfsfólk ráðið til sérstakra verkefna.

Karl Óskar Ólafsson hóf störf sem safnvörður. Hann hefur umsjón með söfnum stofnunarinnar jafnframt því að veita starfsmönnum og gestum aðgang að safnkostinum til rannsókna. Hann sinnir einnig skráningu handrita. Karl Óskar hefur sjálfur fengist við útgáfu texta og sinnt rannsóknum á íslensku máli og skrift.

Hjalti Snær Ægisson var ráðinn sem rannsóknarlektor í miðaldabókmenntum. Hann lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 2019 og fjallaði í doktorsritgerð sinni um latnesk ævintýri í íslenskum þýðingum frá 14. og 15. öld. Hann hefur jafnframt sinnt rannsóknum á arfleifð sígilda bókmennta fornaldar á Íslandi.

Skráning og ljósmyndun fornbréfa úr fótum Árna Magnússonar var fyrirferðarmikil á árinu en Þórunn Sigurðardóttur stýrir verkefni þar um í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands, Den Arnarnagnæanske håndskriftsamling við Kaupmannahafnarháskóla og Riksarkivet í Ósló. Til þessa verkefnis fengu



Þórunn og samverkamenn hennar veglegan styrk úr sjóði A. P. Möllers í Kaupmannahöfn. Árni Magnússon safnaði gríðarlegum fjölda skjala af öllu tagi, frá miðöldum og allt til síns eigin tíma. Þetta eru grunnheimildir um sögu Íslands og Norðurlanda og með verkefninu nýja verða þær miklum mun aðgengilegri en áður. Þar munar ekki síst um skjöl frá 17. öld og lokum 16. aldar en þau voru ekki prentuð í Íslensku fornbréfasafni.

Í desember 2025 kom út 36. hefti Griplu sem hefur komið út árlega síðan árið 2000 en fyrsta heftið kom út árið 1975. Í því eru 13 greinar eftir íslenska og erlenda fræðimenn. Meðal umfjöllunarefna má nefna söngbókabrot úr kaþólskum sið, handritasöfnun Jóns Sigurðssonar og ruglingslega sögu handrita sem nefnd hafa verið Vatnshyrna og Gervi-Vatnshyrna.

Stofnunin gaf út bókina *Structural Alteration of Manuscripts in the Arnarnagnæan Collection* eftir Beeke Stegmann rannsóknardósent. Ritið er viðamikil rannsókn á starfi Árna Magnússonar við skipulagningu handritasafns síns. Beeke leiðir í ljós fleiri en 100 tilvik þar sem Árni hefur tekið í sundur og sett saman handrit, gjarnan til að hafa tengda texta í sömu bók og gera safn sitt aðgengilegra til rannsókna.

Tvær textaútgáfur komu út hjá stofnuninni á árinu. Önnur er *Meyjar og völd – Rímur og saga af Mábil sterku* í útgáfu

Valgerðar Kr. Brynjólfsdóttur. Mábil sterka var ein af fræknuustu hetjum íslenskra bókmennta í 500 ár en þetta er í fyrsta sinn sem efnið um hana birtist á prenti. Hin er fræðileg textaútgáfa á Þorsteins sögu Víkingssonar sem Þórdís Edda Jóhannesdóttir gekk frá. Þorsteins saga telst til fornaldarsagna Norðurlanda og var að öllum líkindum samin á 14. öld.

Unnið var að útgáfu á Þjóðsagnasafni Baldvins Jónatanssonar en styrkur til þess fékkst úr Sagnfræðisjóði Adalgeirs Kristjánssonar. Handritin sem geyma safnið eru varðveitt á Húsavík en hafa nú verið skráð og ljósmynduð. Einnig var unnið að því að gera gögn í Þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinsonar aðgengileg á ismus.is.

Á árinu afhenti Guðrún Kvaran stofnuninni gagnagrunn sinn um mannanöfn (*Nöfn Íslendinga*) og hefur verið opnaður nýr vefur, mannanofn.arnastofnun.is, með þessu mikla verki. Starfsfólk sinnti ýmsum verkefnum á sviði örnefnamála, m.a. skrifstofustörfum fyrir Örnefnanefnd og örnefnaráðgjöf til sveitarfélaga og annarra. Síðasta vor tók fulltrúi stofnunarinnar þátt í alþjóðlegum fundi UNGEGN (Samstarfshóps Sameinuðu þjóðanna um landfræðiheiti) í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Á árinu birtust rannsóknargreinar um ritun erlendra mannanafna og örnefni tengd djöflinum, ásamt skýrslum um örnefni.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Fréttir og viðburðir 2025



1. janúar Nýr safnkennari

Marta Guðrún Jóhannesdóttir hóf störf sem safnkennari hjá stofnuninni í upphafi nýs árs.

2. janúar Nýr rannsóknarlektor

Hjalti Snær Ægisson hóf störf sem rannsóknarlektor á menningar sviði stofnunarinnar 2. janúar 2025. Rannsóknir hans beinast einkum að norrænum miðaldabókmenntum, fornmenntum og þýðingum.

14. janúar Fyrsti fyrirlestur í viðburðaröð sem haldin er í tengslum við sýninguna

Prófessor emeritus Terry Gunnell þjóðfræðingur fjallaði um flutning eddukvæða bæði hér á landi og erlendis en margir listamenn hafa nýtt sér þennan menningararf til listsköpunar.



16. janúar Handritin komin í Eddu

Árnastofnun hefur nú flutt öll handrit sem hún hefur til varðveislu í nýtt öryggisrymi í Eddu, Arngrímsgötu 5. Samtals varðveitir stofnunin um 2000 handrit, 1345 fornbréf og 6000 fornbréfa-uppskriftir.



31. janúar Indversk handrit

Dr. Shilpa Khatri Babbar, gestakennari í indverskum fræðum við Háskóla Íslands, hélt fyrirlestur um

gömul indversk handrit sem bar heitið „India’s ancient manuscripts and knowledge systems“. Af þessu tilefni heimsótti sendiherra Indlands á Íslandi, Shri R. Ravindra, Árnastofnun.

5. febrúar Nýr safnvörður

Karl Óskar Ólafsson var ráðinn nýr safnvörður á Árnastofnun.

6. febrúar Hvað er með ásum?

Vorið 2024 hlaut Árnastofnun styrk úr Barnamenningsjóði fyrir fræðslu- og listsköpunarverkefnið *Hvað er með ásum?* Safnkennari Árnastofnunar heimsótti samstarfsskóla á landsbyggðinni og gaf börnum þar færi á að stíga inn í heim handritanna.



7. febrúar Safnanótt í fyrsta sinn í Eddu

Árnastofnun tók þátt í Safnanótt á Vetrarhátíð í fyrsta skipti í ár. Rúmlega 300 manns heimsóttu sýninguna *Heimur í orðum*.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur





27. febrúar Sögulegur pappír aldursgreindur

Unnið er að því að aldursgreina pappír frá sautjándu öld með hjálp FTIR-litrófsgreiningar (e. *Fourier-Transform Infrared spectroscopy*). Þetta er liður í rannsóknarverkefninu Hringrás pappírs sem snýst um að efla fræðilega þekkingu á pappír sem notaður var á Íslandi áður fyrr.

27. febrúar Risamálheildin stækkuð

Risamálheildin hefur nú verið stækkuð og bætt hefur verið við hana gögnum frá árunum 2022 og 2023. Þessi viðbótargögn má sækja á [varðveislusvæði CLARIN](#) en einnig er hægt að leita í þeim á [málheildavef Árnastofnunar](#).



27. febrúar Ástúping

Málþing í Eddu til heiðurs Ástu Svavarsdóttur, rannsóknardósent við Árnastofnun sem var haldið í tilefni af starfslökum hennar eftir áratuga starf.

3. mars M.is fékk silfurverðlaun

Orðabókavefurinn *m.is* hlaut tvenn silfurverðlaun Félags íslenskra teiknara (FÍT), annars vegar í floknum Grafísk miðlun og upplýsingahönnun og hins vegar í floknum Vefsíður.

14. mars Myndlistaskólinn í Reykjavík í samstarfi við Árnastofnun

Myndlistaskólinn í Reykjavík og Árnastofnun stóðu fyrir sameiginlegu námskeiði fyrir 8–12 ára börn þar sem þau veltu fyrir sér fortíð, nútíð og framtíð í samhengi við sýninguna *Heimur í orðum*.



21. mars Opnun Íslensk-pólskrar veforðabókar

Unnið hefur verið að orðabókinni undanfarin ár á Árnastofnun og voru þetta því mikil tímamót. Í henni eru 54 þúsund uppflettiorð ásamt fjölda dæma og orðasambanda sem öll eru þýdd á pólsku. Framburður allra íslenskra uppflettiorða er gefinn með hljóddæmum og tenglar eru í Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN).

27.–28. mars Klarspråk 2025 – norræn netrúðstefna

Norræn netrúðstefna um skýrt og skiljanlegt tungutak á sviði laga, réttar og stjórnsýslu.

28. mars 150 ár frá Öskjugosinu

Haldið var fjölsótt málþing um Öskjugosið 1875 á vegum Árnastofnunar í samstarfi við Félag íslenskra fræða. Elsa Guðný Björgvinsdóttir þjóðfræðingur kom í heimsókn í Eddu af þessu tilefni og hélt áhrifamikinn fyrirlestur um rannsóknir sínar á upplifun fólks af Öskjugosinu. Aðrir fyrirlesarar á málþinginu voru Atli Antonsson, bókmenntafræðingur og nýdoktor, og Katelin Marit Parsons, verkefnisstjóri á Árnastofnun og adjunkt við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

1. apríl Vel heppnað aprílþabb

Vefumferð um vefgáttina *málið.is* jókst 1. apríl þegar tilkynnt var að það stæði yfir tiltekt í gagnagrunnum stofnunarinnar og orðum sem enginn hefði flett upp á í meira en fimm ár yrði eytt.



5. apríl Tónlist úr íslenskum og evrópskum handritum

Sönghópurinn Cantores Islandiae flutti brot úr Þorlákstíðum í Eddu auk söngva úr íslenskum og evrópskum handritum frá 15. öld.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur





9. apríl Sendiherra Kanada í heimsókn

Nýr sendiherra Kanada á Íslandi, Jenny Hill, heim sótti Árnastofnun. Tilefnið var 150 ára afmæli Nýja-Íslands í Kanada og kanadískt-íslenskt menningarsamstarf.



28. apríl 1000 nemendur í Eddu

Frá því að safnkennsla hófst í Eddu í lok janúar á þessu ári hefur Marta Guðrún Jóhannesdóttir, sem nýlega tók við starfi safnkennara við Árnastofnun, tekið á mótí eitt þúsund nemendum á öllum skólastigum.

29. apríl Rödd veforðabókanna

Veforðabækur hafa þann kost að hægt er að sýna framburð uppflöttiorða og orðasambanda sem hljóð. Var þetta gert í fyrstu veforðabók Árnastofnunar, **ISLEX**, sem tengir íslensku við sex skandinavísk mál og hafa þær hljóðupptökur verið notaðar í allar veforðabækur sem á eftir komu. Undanfarin ár hefur mikill orðaforði bæst við orðabækurnar og því orðið tímabært að huga að því að bæta inn framburði nýrra orða. Um er að ræða 5900 orð sem brátt munu fá hljóðskrár í veforðabókunum.



10. maí „Skrifari og skáld var sá, skemmtun Vopnafjarðar.“

Jakob Sigurðsson og handritaskreytingar hans

Kjartan Atli Ísleifsson sagnfræðingur fjallaði um listamanninn Jakob Sigurðsson og þær handritaskreytingar sem liggja eftir hann. Í Edduhandritunum NKS 1867 4to og SÁM 66 er að finna athyglisverðar heilsíðmyndir af persónum og atburðum úr norrænni goðafræði eftir Jakob.



13. maí Heimur í orðum tilnefnd til skosku hönnunarverðlaunanna

Handritasýningin *Heimur í orðum* var tilnefnd til Skosku hönnunarverðlaunanna í flokki sem kallast „Experiential–Incorporating: Audiovisual, Graphic and Object-based Displays“. Það var hönnunarstofan Studio MB sem hannaði sýninguna fyrir Árnastofnun.

18. maí Alþjóðlegi safnadagurinn

Árnastofnun tók þátt í Alþjóðlega safnadeginum sem haldinn var 18. maí. Fjallað var um framtíð safna í síbreytilegum samfélögum.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur





23. maí **Sýning barnanna Hvað er með ásum?**

Sýning opnuð á verkum barna sem tóku þátt í verkefni *Hvað er með ásum?* skólaárið 2024–2025.

24. maí **Hvernig á ég að snúa mér? Hárhamur og holdrosi í skinnhandritum**

Í þessum fyrirlestri fjallaði Lea D. Pokorny, doktorsnemi í sagnfræði, um hárham og holdrosa og hvernig þessar hliðar á skinnnum dreifðust í íslenskum handritum.

5.–6. júní **Ársfundur og ráðstefna ARLIS-Norden í Eddu**

Að þessu sinni er yfirskrift ráðstefnunnar *The Arts and the Cultural Heritage* eða listir og menningararfurinn. ARLIS-Norden-samtökin funda árlega, fimmta hvert ár á Íslandi, og er þetta í fyrsta sinn sem ráðstefnan fer fram í Eddu.

11.–13. júní **Nordterm 2025**

Íðorðaráðstefnan Nordterm var haldin á Íslandi. Þemað að þessu sinni var *sameiginleg íðorð*.



11.–14. júní **Árlegur fundur íslenskukennara sem starfa við erlenda háskóla**

Árlegur fundur íslenskukennara sem starfa við erlenda háskóla var haldinn í Reykjavík nú í ár. Íslensk stjórnvöld styðja við kennslu í íslensku sem erlendu máli við sautján erlenda háskóla í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Árnastofnun hefur umsjón með kennslunni fyrir hönd stjórnvalda.



19.–21. júní **Stafrænir gagnagrunnar um sögulegan pappír og vatnsmerki**

Dagskrá þessarar ráðstefnu var fjölbreytt en hún samanstóð af 16 viðburðum, svo sem fyrirlesturum, sýningu á völdum handritum og kynningarferð.

Ráðstefnan var haldin á vegum rannsóknarverkefnisins Hringrás pappírs í samvinnu við Emanuel Wenger.



24. júní **Logi Einarsson heimsækir Eddu**

Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, heimsótti Árnastofnun og kynnti sér starfsemi hennar.

28. júní **Ormsbók, Edda og latínufræði**

Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður Árnastofnunar, hélt erindi um Ormsbók Snorra-Eddu. Ormsbók er eitt af fjórum aðalhandritum Snorra-Eddu og er til sýnis á handritasýningunni Heimur í orðum í Eddu.

1. júlí **Nýr vefstjóri**

Óskar Völundarson var ráðinn nýr vefstjóri Árnastofnunar.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur



Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



11.–13. júlí Náttúrubarnahátíð á Ströndum

Árnastofnun tók þátt í Náttúrubarnahátíð á Ströndum. Gestir fengu m.a. að handleika bókkfell, fjaðurstafi og lyfta Plateyjarbók sem er nákvæm eftirlíking af Flateyjarbók en það er eitt stærsta miðaldahandritið sem varðveitt er í handritasafni Árnastofnunar.

24. júlí Ellefu erlendir námsmenn hlutu styrk

Að þessu sinni voru fjórir nýir styrkþegar frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína og Rússlandi sem hófu BA-nám í íslensku sem öðru máli og að auki sjö framhaldsstyrkþegar frá Búlgaríu, Frakklandi, Hollandi, Japan, Kína, Póllandi og Þýskalandi.



1.–31. júlí Tveir sumarskólar í íslenskri tungu og menningu

Í sumar skipulagði Íslenskusvið Árnastofnunar tvo sumarskóla, annars vegar norrænan í júní og hins vegar alþjóðlegan í júlí, í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið er að gefa alþjóðlegum nemendum tækifæri til að kynna betur íslenskri tungu og menningu og efla þannig útbreiðslu íslenskrar menningar erlendis.

3.–8. ágúst 19. fornsagnaþingið haldið í Póllandi

Alþjóðlegt fornsagnaþing var í haldið í tveimur borgum í Póllandi, Katowice og Kraká, 3.–8. ágúst. Þetta var í 19. sinn sem fornsagnaþing er haldið. Starfsmenn Árnastofnunar tóku virkan þátt í þinginu, stýrðu málstofum og fluttu fyrirlestra.

5. ágúst Heimur í orðum í New York Times

Blaðamaðurinn Grayson del Faro, mælti með sýningunni *Heimur í orðum* í dagblaðinu New York Times.

12. ágúst Yngst en samt fornlegust: Um Trektarbók Snorra-Eddu

Haukur Þorgeirsson rannsóknarprófessor fjallaði um Trektarbók Snorra-Eddu. Á 17. öld barst handritið til Kaupmannahafnar og var um hríð í eigu Ole Worms prófessors. Síðan komst bókin í hendur þýska fræðimannsins Christians Rave sem gaf hana Háskólabókasafninu í Utrecht árið 1643. Þar hefur handritið verið varðveitt alla tíð síðan.

14. ágúst Fyrirlestur um basknesk-íslensk orðasöfn

Peter Bakker, lektor við Árósháskóla, hélt fyrirlestur í Eddu um orðasöfn sem varðveist hafa með þýðingum milli basknesku og íslensku

27. ágúst Skuggsjár: myndrænt yfirlit yfir handrit og þjóðfræðiefni

Árnastofnun opnaði vef með nýjum stafrænum verkfærum sem munu nýtast rannsakendum í handritafræðum og þjóðfræði: Handritaskuggsjá og Þjóðfræðiskuggsjá.

23. ágúst Menningarnótt í Eddu

Árnastofnun stóð fyrir dagskrá í Eddu á menningarnótt.

23. ágúst Pílagrímaferðir frá Fróni til Santiago

Ásdís Egilsdóttir og Erlendur Sveinsson fluttu fyrirlestur um pílagrímaferðir frá Íslandi til Santiago de Compostela á Spáni (Jakobsveginn) fyrr á öldum. Frá Jakobsvegi, eða pílagrímaveginum til Santiago de Compostela á Spáni, er sagt í nokkrum textum sem varðveittir eru í íslenskum handritum.



2. september **Sviðsetning Njálu(kvenna)**
– horft um öxl frá miðöldum til nútímans
Emily Lethbridge flutti fyrirlestur í Eddu þar sem kastljósinu var fyrst beint að **Gráskinnu (GKS 2870 4to)**, hinu stórmerkilega Njáluhandriti sem nú má sjá á sýningunni *Heimur í orðum* í Eddu. Síðan var sjónum beint að konum sem lásu Njálu, heimsóttu Njáluslóðir og skrifuðu um upplifanir sínar.

4. september **Íslenski málbankinn tekinn í gagnid**
Nýtt vefsvæði á vegum Árnastofnunar, Íslenski málbankinn, var opnað 4. september. Markmiðið með því er að miðla málgögnum fyrir íslensku á öruggan og aðgengilegan hátt.

14. september **Sigurðar Nordals fyrirlestur**
Sigríður Hagalín Björnsdóttir, rithöfundur og fréttakona, flutti fyrirlestur sem nefndist Eldspýtur Prómeþeifs – skrif og sköpun undir ægivaldi algóritmans.

20. september **Njálurefillinn: Sköpunarferlið í máli og myndum**
Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndlistarmaður og rithöfundur, sagði frá gerð Njálurefilsins sem hún hannaði og teiknaði og fjöldi manns tók þátt í að sauma á Hvolsvelli.

21. september **Málþing um alþýðuhljóðfæri og danslög**
Málþing í tilefni af útkomu bókarinnar *Danslög Jónasar Helgasonar* (1839–1903). Í bókinni voru gefin út lög fyrir fiðlu sem Jónas Helgason (1839–1903) skráði í litla nótnabók sem nú er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

25. september **Málræktarþing 2025: Regluverk íslensku**
Þetta árið var það helgað samspili íslenskrar tungu og stjórnsýslunnar.



27. september **Árnastofnun á Vísindavöku**
Fulltrúar Árnastofnunar að þessu sinni voru Ágústa Þorbergsdóttir og Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir en þær sýndu gestum og gangandi nokkra af þeim tungumálavefjum sem Árnastofnun hefur umsjón með.



3. október **Samleifð: Málþing um vesturfara í tilefni 150 ára afmælis Nýja-Íslands**
Í október 2025 voru 150 ár liðin frá stofnun Nýja-Íslands í Kanada. Af því tilefni var efnt til opins málþings um mál, bækur og bókmenntir vesturfara á Íslandi og Nýja-Íslandi.

4. október **Hál ertu Njála**
Hallgrímur Helgason flytur fyrirlestur í tengslum við sýninguna Heimur í orðum og reyndi að átta sig á list hennar og lífsmagni og spyr hana hvað hún sé.

7. október **Íðorðastarf í Háskóla Íslands**
Haldið var málþing á vegum Málnefndar Háskóla Íslands og Árnastofnunar. Á þessu málþingi var fjallað um íðorðastarf innan Háskóla Íslands. Rektor Háskóla Íslands, Silja Bára R. Ómarsdóttir, flutti inngangserindi en hún hefur sjálf tekið þátt í vinnu við íðorðasafn um alþjóðastjórnsmál og stjórn málafræði. Rætt var um Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem er opið rafrænt safn er geymir sérfræðiorð í fjölda starfs- og fræðigreina. Þá verður sagt frá fjórum orðasöfnum í ólíkum greinum, jarðeðlisfræði, efnafræði, leiklist og orðasafni um risaeðlur.

9. október **Hagnýting málgagna með Language Data Space**
Árnastofnun stóð fyrir alþjóðlegu málþingi um hagnýtingu málgagna fyrir máltækni og gervigreind. M.a. var fjallað um mikilvægi málgagna fyrir þróun máltæknilausna, söfnun málgagna fyrir máltækni á Íslandi og gerð þeirra.

13. október **Stór styrkur í gervigreindarverkefni**
Evrópska miðstöðin EuroHPC Joint Undertaking hefur veitt íslensku samstarfsverkefni sem Árnastofnun tekur þátt í styrk upp á ríflega 700 milljónir króna til að styrkja innviði fyrir gervigreind á Íslandi.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur





16. október Heimsókn til Manitóbaháskóla

Í tilefni af 150 ára afmæli Nýja-Íslands var, Branislav Bédi, verkefnisstjóra á íslenskuvíði og umsjónarmanni íslenskukennslu við háskóla erlendis, boðið að taka þátt í hátíðlegri dagskrá sem skipulögð var af íslenskudeild Manitóbaháskóla.



17. október Hennar keisaralega hátign, Takamado prinsessa frá Japan, heimsótti handritasýningunni Heimur í orðum.

21. október **Væringjar í austurvegi**
Sverrir Jakobsson fjallaði um það hvenær væringjar urðu til og hvernig þeir voru skilgreindir á ýmsum

menningarsvæðum. Einnig var fjallað um ýmsar staðalmyndir af væringjum sem finna má í íslenskum miðaldabókmenntum.

23. október **Opnun Íslensk-enskrar veforðabókar**
Íslensk-enskri veforðabók var hleypt af stokkunum við formlega opnun á bókasafni Eddu. Hún er mikilvæg viðbót við þær tvímála orðabækur sem stofnunin hefur birt undanfarin 14 ár en þær eru nú orðnar tíu talsins.

25. október **Málþing um Bólu-Hjálmar**
Í tilefni af 150 ára ártíð Bólu-Hjálmars (1796–1875) standa Þjóðminjasafn Íslands og Árnastofnun fyrir málþingi um hið þekktu alþýðuskáld.

25. október **8. Ólafsping**
Ráðstefnan fór fram í áttunda sinn og var haldin í samstarfi við Málvísindastofnun Háskóla Íslands.



1. nóvember **Húsfyllir á Laxdæluþingi: „Laxdæla stendur fólki greinilega nærri“**
Aðsóknarmet var slegið í fyrirlestrasal Eddu á vel heppnuðu þingi um Laxdæla sögu laugardaginn 1. nóvember þar sem fléttað var saman fyrirlestrum um söguna, ljóðalestri og myndlist.

4. nóvember **Óbærileg leiðindi eða óviðjafnanlegt listaverk?**
Hjalti Snær Ægisson flutti fyrirlestur í tengslum við sýninguna Heimur í orðum. Hann fjallaði um *Tveggja postula söga Jóns og Jakobs* sem er lengsta sagan í Skarðsbók postulasagna, hinu gagnmerka handriti sem er talið ritað á Íslandi um 1360.

7.–8. nóvember **Iceland Airwaves í Eddu**
Árnastofnun tók þátt á Iceland Airwaves í fyrsta skipti en dagskráin í Eddu var hluti af aukadagskrá (e. *off-venue*) hátíðarinnar.



13. nóvember **Árna Magnússonar fyrirlestur – Áslaug Ommundsen: Parchment and pixels. Re-examining written cultural heritage**
Norska fræðikonan Áslaug Ommundssen hélt Árna Magnússonar fyrirlestur að þessu sinni um þróun rannsókna í tengslum við menningararf og efnislega þætti miðaldabókmennta og handritabrota.

15. nóvember **Örfyrirlestrar fyrir alla**
Í tilefni af degi íslenskrar tungu sem haldinn er hátíðlegur 16. nóvember ár hvert fluttu starfsmenn Árnastofnunar og kennarar í íslensku við Háskóla Íslands örfyrirlestra um fjölbreytt efni í fyrirlestrasal Eddu.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskuvíðs 2025

Skýrsla
menningarsvíðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum


Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur





16. nóvember Mikilleitur, nefljótur og viturlig: Ritlistarsmiðja á degi íslenskrar tungu

Handritin hafa að geyma ótal skemmtilegar mannlýsingar og gafst fjölskyldum sem heimsækja Eddu á degi íslenskrar tungu kostur á að skapa sínar eigin lýsingar undir handleiðslu þeirra Sólveigar og Völu Hauksdætra.



18. nóvember Nýrómur – tölvustudd framburðarþjálfun í íslensku

Árnastofnun er þátttakandi í þriggja ára rannsóknar- og þróunarverkefni sem nefnist Nýrómur. Þar er unnið að þróun gagnvirks vefsvæðis fyrir íslenskunema til að hjálpa þeim að bæta framburð sinn á málinu. Markmið verkefnisins er að sérsníða talmálstækni og nota gervigreindarlausnir til að meta framburð nemenda í rauntíma.

20. nóvember Edda hlýtur viðurkenningu sem fyrirmyndarlóð

Arngrímshöfða, öðru nafni Edda, hlaut í gær viðurkenningu borgaryfirvalda sem fyrirmyndarlóð. Verðlaunin voru veitt fyrir vandaða og vel hirta lóð í flokki stofnana.

22. nóvember Á slóðum nafna í Eddu

Emily Lethbridge, rannsóknardósent á menningar-sviði, hélt kynningu um handritasýninguna *Heimur í orðum* með sérstaka áherslu á nöfn og nafnfræði.



25. nóvember Frá Breiðafirði til Lancashire

Svanhildur Óskarsdóttir flutti fyrirlestur í tengslum við sýninguna *Heimur í orðum*. Hann fjallaði um agnarlítið handrit frá 15. öld sem Árni Magnússon fékk í Flatey á Breiðafirði og fór með til Kaupmannahafnar. Af ókunnum orsökum hvarf það úr safni hans, komst í eigu þýsks bókasafnara en var síðan selt á uppboði í Lundúnum árið 1870 og prýddi um hríð einkabókasafn jarlsins af Crawford í Haigh Hall í Lancashire.

25. nóvember Útgáfuhóf

Tvær nýjar bækur voru kynntar í Eddu: *Meyjar og völd*. *Rímur og saga af Mábil sterku* og *Þorsteins saga Víkingssonar*. Tvær ævintýralegar sögur sem nutu mikilla vinsælda á Íslandi á miðöldum birtast nú á prenti.

26.–27. nóv. Fundur Samstarfsnefndar um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis heldur sinn árlega fund í Kaupmannahöfn.

6. desember Jólafjölskyldusmiðja

Boðið var upp á jólakortagerð, kynningu á handritinu Helgastaðabók sem inniheldur Nikulás sögu og að hlusta á efni af Ísmúsvefnum sem tengist jólum o.fl.

12. desember Málþing í tilefni af 20 ára afmæli alþjóðlegs meistaranáms í íslenskum og norrænum miðaldafræðum við Háskóla Íslands 2005–2025.

Tuttugu ár voru síðan alþjóðlegu meistaranámi í íslenskum miðaldafræðum — *Medieval Icelandic Studies* — var hleypt af stokkunum í Háskóla Íslands í samstarfi við Árnastofnun.

12. desember Vefritið Mannamál fagnar eins árs afmæli

Markmið *Mannamáls* er að vekja áhuga fólks á íslensku og öðrum tungumálum sem töluð eru hér á landi.

16. desember Háskóli Íslands og Árnastofnun vinna saman að eflingu íslenskra fræða

Háskóli Íslands og Árnastofnun hafa endurnýjað samstarfssamning sinn sem miðar að því að efla bæði rannsóknir og menntun á sviði íslenskra fræða.

19. desember Orð ársins

Vangreiðslugjald er orð ársins 2025 hjá Árnastofnun. Þótt það sé tiltölulega nýlegt má finna það þegar í fréttum um bílastæðamál á árunum 2011 og 2018.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningarsviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur



Tvær mikilvægar veforðabækur opnaðar á árinu

Tvær mikilvægar veforðabækur voru opnaðar á árinu, annars vegar *Íslensk-pólsk* veforðabók og hins vegar *Íslensk-ensk* veforðabók.

Sú fyrirnefnda var formlega opnuð 21. mars en unnið hefur verið að henni undanfarin fimm ár á Árnastofnun og voru þetta því mikil tímamót. Ritstjóri pólska markmálsins er Stanislaw Bartoszek og auk hans unnu við orðabókina Aleksandra Kieliszewska og Miroslaw Ólafur Ambroziak. Að verkinu komu einnig Emilia Mlynska skólaráðgjafi og Pawel Bartoszek sérfræðingur. Verkefnið er unnið fyrir fjárframlög frá Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur á vegum Háskóla Íslands. Aðalritstjóri orðabókarinnar er Þórdís Úlfarsdóttir og verkefnisstjóri Halldóra Jónsdóttir.

Íslensk-ensk veforðabók var opnuð 23. október. Vinna við hana hófst árið 2021 sem rannsóknarverkefni þar sem prófaðar voru sjálfvirkar aðferðir til að flýta þýðingarvinnunni. Í framhaldinu fengust styrkir til að halda verkinu áfram. Aðalritstjóri orðabókarinnar er Þórdís Úlfarsdóttir og ritstjórar ensku eru Max Naylor og Björn Halldórsson. Einnig kom Larissa Kyzer þýðandi að starfinu. Verkefnisstjóri er Halldóra Jónsdóttir. Verkefnið hefur fengið fjárveitingu frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu auk styrkja frá Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur á vegum Háskóla Íslands.

Árnastofnun vonast til þess að þessar orðabækur nýtist sem flestum, ekki síst þeim fjölmörgu íbúum Íslands sem hafa önnur tungumál en íslensku að móðurmáli.



Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2025

Skýrsla menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar veforðabækur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum


Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Útgáfur





Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

**Viðburðir í
tengslum við
sýninguna
Heimur í orðum**

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur

Viðburðir í tengslum við sýninguna Heimur í orðum

Þegar sýningin *Heimur í orðum* opnaði í nóvember 2024 var ákveðið að halda reglulega viðburði í tengslum við hana, ekki síst þegar skipt er um handrit. Það er gert á þriggja mánaða fresti þegar handritin þurfa „hvíld“ frá sýningarkössum.

Fjórtán viðburðir eða fyrirlestrar voru haldnir yfir árið 2025 sem tengdust beint eða óbeint sýningunni *Heimur í orðum*.

Voru umfjöllunarefni jafn mismunandi og fyrirlesarar voru margir. Fjallað var um handritin sjálf, skinn, liti og myndskreytingar. Eins kom efni Eddukvæðanna við sögu, fjallað var um lögbækur, ferðalög á miðöldum, Njálu, Ormsbók og önnur merk handrit. Eins var sungið upp úr miðaldahandritum. Fyrirlesarar voru fræðimenn stofnunarinnar, doktors-

nemar, þjóðfræðingar, lagaprófessor, myndlistarmaður, sagnfræðingar, kvikmyndagerðarmaður og rithöfundar.

Vel var sótt á þessa viðburði og komust oft færri að en vildu. Viðburðir af þessu tagi eru haldnir yfir allt árið nema yfir hásumarið.



Handrit að láni

Reglulega var skipt á árinu um handrit á sýningunni eða á þriggja mánaða fresti. Alls voru sýnd 63 handrit og handritsbrot úr safni stofnunarinnar auk þriggja frumbréfa. Níu handrit voru fengin að láni frá Landsbókasafni – Háskólabókasafni (Lbs 1077 8vo, ÍBR 3 8vo, Lbs 1228 8vo, JS 109 8vo, Lbs 781 4to, Lbs 3386 8vo, Lbs 1197 8vo, JS 377 8vo, ÍB 299 8vo), eitt frumbréf úr Þjóðskjalasafni (AM Dipl. Isl. Fasc. I, 5) og átta handrit eða handritsbrot úr erlendum söfnum.

Tvö þeirra handrita sem komu að utan voru fjórtándu aldar handritið Tómasskinna (GKS 1008 fol.) og Hrokkinskinna (GKS 1010 fol.). Í Tómasskinnu eru sagðar sögur tveggja dýrlinga sem báðir voru umdeildir í lifanda lífi. Ólafur helgi Haraldsson Noregskonungur gekk hart fram í að kristna Noreg og féll í Stiklastaðaorrustu 1030. Thomas Becket, erkibiskup í Kantaraborg, varði rétt kirkjunnar gegn konungsvaldinu en var drepinn fyrir altarinu í dómkirkju sinni af mönnum Hinriks konungs 2. árið 1170. Hrokkinskinna var sett á sýninguna í nóvember, glæsilegt konungasagnahandrit frá fimmtándu öld sem segir sögu Noregskonunga frá og með Magnúsi góða, syni Ólafs helga Haraldssonar. Handritin voru fengin að láni frá Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn. Í upphafi ársins voru

tvö önnur handrit úr Konungsbókhöfðu enn á sýningunni frá fyrra ári, Morkinskinna (GKS 1009 fol.) og edduhandritið NKS 1867 4to.

Frá Árnasafni í Kaupmannahöfn var Wormsbók aftur til sýnis eins og árið áður en einnig þrjú blöð úr Elucidarius-handriti, AM 238 XVIII fol, sem komu til landsins í ágúst. Elucidarius er alfræðirit sem samið var undir lok 11. aldar en þetta handrit er frá fyrri hluta 16. aldar.

Einnig kom á sýninguna Codex Lindesianus (Icelandic MS 1), eitt smæsta íslenska handrit sem varðveitt er. Það var fengið að láni frá John Rylands Research Institute and Library í Manchester og inniheldur m.a. tímatalsfræði og umfjöllun um það hvernig ráða megi innræti og skapgerð fólks af útlitinu.

Trektarbók Snorra-Eddu (UBU Hs. 1374) var til sýnis á Íslandi í fyrsta skipti í 400 ár. Hana skrifaði Páll Jónsson í Þernuvík við Ísafjardardjúp í lok 16. aldar eftir skinnbók frá 13. öld sem nú er glötuð. Á 17. öld barst handritið til Kaupmannahafnar og var um hríð í eigu Ole Worms prófessors. Þýski fræðimaðurinn Christian Ravius gaf handritið svo Háskólabókasafninu í Utrecht árið 1643. Þar hefur það verið alla tíð síðan.



Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Viðurkenningar 2025

Bók Valgerðar Kr. Brynjólfsdóttur Meyjar og völd hlaut viðurkenningu Hagþenkis 2025.

Orðabókavefurinn m.is hlaut silfurverðlaun Félags íslenskra teiknara (FÍT) í tveimur flokkum, annars vegar í flokknum Grafísk miðlun og upplýsingahönnun og hins vegar í flokknum Vefsíður.

Árnastofnun hlaut tilnefningu í flokknum *Stafræn opinber þjónusta* í upplýsingatækniverðlaunum Ský sem veitt eru fyrir „framúrskarandi framlag til upplýsingatækni á Íslandi“.

Heimur í orðum var valin næstbesta varanlega sýningin í Reykjavík („Best of Reykjavík“) í tímaritinu Grapevine.

Arngrímsgata 5, öðru nafni Edda, hlaut viðurkenningu borgaryfirvalda sem fyrirmyndarlóð. Verðlaunin voru veitt fyrir vandaða og vel hirta lóð í flokki stofnanalóða.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Starfsmenn 2025 og ritaskrár

Aðalheiður Eyvör Pálsdóttir

Aðalsteinn Hákonarson / [ritaskrá](#)

Agnar Már Másson

Alfa Magdalena B. Jórunnardóttir

Antonio Costanzo

Ari Páll Kristinsson / [ritaskrá](#)

Atli Jasonarson

Ágústa Þorbergsdóttir / [ritaskrá](#)

Árni Snær Gíslason

Áróra L. Davíðsdóttir

Ása Ester Sigurðardóttir

Ásta Svavarsdóttir / [ritaskrá](#)

Beeke Stegmann / [ritaskrá](#)

Bjarki Ármannsson

Bjarki Yunran Zhu

Bjarni Gunnar Ásgeirsson

Björn Halldórsson

Bolli Magnússon

Branislav Bédi / [ritaskrá](#)

Einar Freyr Sigurðsson / [ritaskrá](#)

Elín Ósk Reynisdóttir

Ellert Þór Jóhannsson / [ritaskrá](#)

Emily Lethbridge / [ritaskrá](#)

Ermenegilda Rachel Mueller

Finnur Ágúst Ingimundarson

Fjóla Kristín Guðmundsdóttir

Fylkir Birgisson

Gísli Sigurðsson / [ritaskrá](#)

Guðný Ragnarsdóttir

Guðný Rósa Þorvarðardóttir

Guðrún Brjánsdóttir

Guðrún Harðardóttir

Guðrún Nordal / [ritaskrá](#)

Guðvarður Már Gunnlaugsson / [ritaskrá](#)

Halla Oddný Magnúsdóttir

Halldóra Jónsdóttir / [ritaskrá](#)

Haukur Þorgeirsson / [ritaskrá](#)

Helga Hilmisdóttir / [ritaskrá](#)

Hinrik Hafsteinsson

Hjalti Snær Ægisson / [ritaskrá](#)

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Inga Lára Gunnarsdóttir

Ingibjörg Þórisdóttir

Jóhann Karl Reynisson

Jóhann Kristján Konráðsson

Jóhannes B. Sigtryggsson / [ritaskrá](#)

Jón Friðrik Daðason

Jónas Orri Ísfeld Jóhannsson

Karl Óskar Ólafsson

Katelin Marit Parsons / [ritaskrá](#)

Katrín Róbertsdóttir

Kolbrún Ýr Sigfúsdóttir

Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir / [ritaskrá](#)

Kristín Konráðsdóttir

Magnús Már Magnússon

Margrét Eggertsdóttir / [ritaskrá](#)

Margrét Jóna Gísladóttir

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

Marteinn Sindri Jónsson

Óskar Völundarson

Piergiorgio Consagra

Rósa Þorsteinsdóttir / [ritaskrá](#)

Samúel Þórisson

Shohei Watanabe

Sigríður Láretta Jónsdóttir

Sigrún Kristjánsdóttir

Sigurður Stefán Jónsson

Soffía Guðný Guðmundsdóttir

Starkaður Barkarson

Steinunn Aradóttir

Steinþór Steingrímsson / [ritaskrá](#)

Svanhildur María Gunnarsdóttir

Svanhildur Óskarsdóttir / [ritaskrá](#)

Thelma Karen Siggeirsdóttir

Tiffany Nicole White

Trausti Dagsson

Vasaré F. Rastonis

Vigdís Edda Halldórsdóttir Zoéga

Yelena Sesselja Helgad Yershova

Yunran Zhu

Zachary Jordan Melton

Þórdís Úlfarsdóttir / [ritaskrá](#)

Þórunn Sigurðardóttir / [ritaskrá](#)

Nánari upplýsingar um starfsmenn má finna á:

<https://www.arnastofnun.is/is/stofnunin/starfsfolk>

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni


Viðurkenningar 2025

**Starfsmenn 2025
og ritaskrár**

Útgáfur



Útgáfur



Meyjar og völd.

Rímur og saga af Mábil sterku

Konungsdóttirin Mábil sterka frá Vallandi er öllum fremri í riddaralistum. Hún drýgir miklar hetjudáðir í bardögum og beitir óhefðbundnum aðferðum við að klekkja á helsta óvini sínum, Medeu drottningu í Grikklandi. Sömu leiðis ver hún Móbil systur sína frækilega gegn ásókn karla sem vilja kvænast henni og heimta þannig krúnuna.

Þrúður Þorsteinsdóttir, biskupsfrú á Hólum, fól Árna Magnússyni að leita uppi Rímurnar af Mábil sterku og varð það til þess að þær varðveittust í mörgum uppskriftum. Rímurnar hafa kynferðislegan undirtón og hafa varla verið taldar kristilegur kveðskapur. Í þessari bók er gerð grein fyrir leit Árna að handritunum og þrjár gerðir rímnanna eru birtar, sú elsta frá fimmtánda öld, önnur frá þeirri sautjándu og sú yngsta frá hinni átjándu. Rímurnar eru birtar með nútímastafsetningu og skýringum en einnig með stafsetningu handritanna. Í bókinni er einnig birt saga af Mábil frá nítjándu öld.

Mábil var ein af fræknustu hetjum íslenskra bókmennta í 500 ár en þetta er í fyrsta skipti sem frásagnirnar um hana birtast á prenti. Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir er höfundur fræðitextans og bjó til útgáfu þrjár gerðir Mábilar rímna og Söguna af Mábil sterku og Móbil systur hennar.

[Bókin er gefin út í ritröðinni Rit Árnastofnunar \(Rit 119\).](#)

Þorsteins saga Víkingssonar

Þorsteins saga Víkingssonar er í þessari nýju útgáfu Árnastofnunar í fyrsta sinn prentuð eftir handritinu AM 556 b 4to. Á miðöldum voru samdar og skrifaðar upp margar sögur um fornar hetjur frá Norðurlöndum á öldunum fyrir landnám Íslands. Þó að sögurnar séu fjölbreyttar að efni og byggingu er hefð fyrir því að vísa til þeirra í heild sem fornaldarsagna Norðurlanda.



Meðal þessara sagna er Þorsteins saga Víkingssonar. Hún gerist að mestu í Noregi eða á óljósum landsvæðum í nágrenninu og lýsir þremur kynslóðum karla, átökum þeirra á milli, bardögum og herleiðöngrum.

Sérstök áhersla er lögð á vinina Víking og Njörfa sem halda tryggð hvor við annan alla ævi en mikið reynir á vináttuna þegar synir þeirra, Þorsteinn og Jökull, verða svarnir fjendur. Sagan dregur þannig fram sígild stef mannlegs lífs en um leið er skemmtanagildi fólgið í ævintýrum, kynlegum uppákomum og kjarnyrту máli.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir bjó textann til útgáfu og ritar inngang.

[Bókin er gefin út í ritröðinni Rit Árnastofnunar \(Rit 120\).](#)

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2025

Skýrsla
menningar sviðs 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni


Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur



Útgáfur



Structural Alteration of Manuscripts in the Arnamagnæan Collection

Í þessari bók er fjallað um hvernig Árni breytti fjölmörgum handritum í safni sínu með því að taka þau í sundur og setja hluta þeirra saman á nýjan hátt. Rannsakað er hvers konar breytingar hann gerði, hvernig hann fór að og hver tilgangur hans eða áform kunna að hafa verið.

Hér er um að ræða kóðikólógiska – handritafræðilega – rannsókn þar sem saga handritasafnsins og breytingar Árna Magnússonar eru í forgrunni. Hún byggir aðallega á pappírs-handritum frá 17. öld og upphafi 18. aldar en eldri skinnhandrit bera einnig merki um að hafa verið breytt af hendi Árna.

Jafnframt er sýnt fram á að hann var ekki sá eini sem breytti handritum; aðrir eigendur og forsjármenn, bæði fyrir hans tíma og eftir, aðlöguðu handskrifaðar bækur að sínum þörfum. Því endurspeglar hið efnislega form handritanna í safni Árna – og þá sérstaklega hvaða textum er raðað saman – oft fremur

áherslur og markmið síðari tíma aðila en hinar upphaflegu fyrirætlanir.

Með þessu dýpkar bókin verulega þekkingu okkar á sögu handritasafns Árna Magnússonar og eykur skilning á því hvernig handritin eru samsett í dag.

Þetta er yfirgripsmikið fræðirit sem höfundurinn, Beeke Stegmann, byggir á doktorsritgerð sinni um handritasafn Árna Magnússonar en Beeke starfar sem rannsóknardósent við Árnastofnun.

[Bókin er gefin út í ritröðinni Rit Árnastofnunar \(Rit 121\).](#)



Gripla XXXVI

Í ritinu eru þrettán ritrýndar greinar, þar af fimm á íslensku en hinar allar á ensku. Hægt er að nálgast nýjasta hefti tímaritsins í bæði prentaðri og rafrænni útgáfu.

gripla.arnastofnun.is

Orð og tunga 27

Tímaritið er helgað rannsóknum á íslensku máli og hefur um árabíl verið mikilvægur vettvangur fyrir fjölbreytt fræðastarf á sviði málvísinda, orðfræði og nafnfræði. Í þessu nýjasta hefti ritsins eru fjórar ritrýndar greinar og þrjár smágreinar.

ordogtungu.arnastofnun.is

Myndir tóku Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari á Árnastofnun, Christopher Lund, Branislav Bédi og Marta Guðrún Jóhannesdóttir. Ritstjóri: Ingibjörg Þórisdóttir. Prófarkalestur: Jóhannes B. Sigtryggsson. Hönnun: Sigrún Sigvaldadóttir.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskuvísindis 2025

Skýrsla
menningarvísindis 2025

Fréttir og viðburðir

Tvær mikilvægar
veforðabækur

Viðburðir í tengslum
við sýninguna
Heimur í orðum

Handrit að láni

Viðurkenningar 2025

Starfsmenn 2025
og ritaskrár

Útgáfur

